

BORGARRÁÐ 24. september 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipun í fjármálastýrihóp - R20090195

Borgarráð samþykkir að skipaður verði stýrihópur um niðurskurðaraðgerðir vegna fjármálastöðu Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn skal vera skipaður átta kjörnum fulltrúum, einum frá hverjum flokki sem fulltrúa á í borgarstjórn. Verkefni stýrihópsins er að rýna fjárhagsáætlanir borgarinnar og skila tillögum að 15 milljarða niðurskurði árlega næstu þrjú árin eða samtals 45 milljarðar, án þess að til skerðinga komi á lögbundinni þjónustu eða grunnþjónustu. Skulu verklok stýrihópsins vera 15. nóvember 2020.

Greinargerð:

Sveitafélög víða um land standa nú frammi fyrir miklum fjárhagslegum vanda og er Reykjavíkurborg þar ekki undanskilin. Því er brýn þörf á að gripið sé til sameiginlegs átaks allra flokka í borgarstjórn til að mæta þeim vanda. Í þessari vinnu skal pólitískur ágreiningur lagður til hliðar og öll orka sett í að finna lausnir sem skila hámarks árangri án skerðinga á lögbundinni þjónustu og grunnþjónustu með hagsæld borgarbúa í fyrirrúmi.